

Ed.

175. Frumvarp til laga

[103. mál]

um breyting á lögum nr. 48 7. apríl 1956, um náttúruvernd.

(Eftir 2. umr. í Ed., 19. des.)

1. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Menntamálaráðherra skipar náttúruverndarráð með aðsetri í Reykjavík til fjögurra ára í senn. Er það skipað sjö mönnum, forstöðumönnum þriggja deilda Náttúrugripasafnsins, einum manni með sérþekkingu á búnaðarmálum, samkvæmt tillögu Búnaðarfélags Íslands, einum manni, sem Skógræktarfélag Íslands nefnir til, og einum verkfræðingi, samkvæmt tillögu Verkfræðingafélags Íslands. Þrjú varamenn skal skipa samkvæmt tilnefningu framangreindra félagasamtaka, og enn er menntamálaráðherra rétt að skipa þrjú náttúrufræðinga varamenn forstöðumanna Náttúrugripasafnsins. Formann og varaformann skipar menntamálaráðherra án tilnefningar.

Nú varðar náttúruverndarmál, sem náttúruverndarráð fjallar um, að einhverju leyti landsvæði eða náttúrumyndanir, sem hafa fornfræðilegt gildi, og skal þjóðminjavörður þá sitja fundi ráðsins eftir kvaðningu formanns þess.

Náttúruverndarráði er heimilt að kveðja sérfræðinga á fundi ráðsins til ráðuneytis, svo sem skógræktarstjóra, skipulagsstjóra ríkisins, vegamálastjóra og raforkumálastjóra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.